LANDAKOTSSKÓLI 2026–2027

Væntingar: Virk kennslustofa (e. Responsive Classroom)

Í Landakotsskóla leggjum við ríka áherslu á að nemendur taki þátt í að móta sameiginlegar væntingar um samskipti, hegðun og nám. Sú áhersla byggir á hugmyndafræði **Virkrar kennslustofu** (e. Responsive Classroom sjá frekari upplýsingar á heimasíðu hér) sem gengur út frá því að börn séu líklegri til að axla ábyrgð og standa undir skýrum og metnaðarfullum væntingum þegar þau fá tækifæri til að taka virkan þátt í að skilgreina þær. Þannig tengjast væntingarnar eigin vonum, markmiðum og draumum nemenda fyrir skólaárið.

Sameiginlegar væntingar skólans byggja á þremur leiðarljósum. Þau endurspegla þau gildi sem liggja til grundvallar öllu skólastarfinu og eiga við um allt skólasamfélagið, bæði í íslenskudeildinni og alþjóðlegu deildinni:

- **Berðu virðingu fyrir sjálfum þér.**
- **Berðu virðingu fyrir öðrum.**
- **Berðu virðingu fyrir umhverfinu.**

Í upphafi hvers skólaárs ræða kennarar og nemendur saman um vonir sínar, markmið og drauma fyrir árið fram undan. Þessar umræður mynda grunn að sameiginlegum væntingum hvers bekkjar. Með þessum hætti verða væntingarnar merkingarbærar og raunverulegar fyrir nemendur, enda byggja þær á þeirra eigin hugmyndum og framtíðarsýn.

Mótun sameiginlegra væntinga í anda Virkrar kennslustofu fer fram í eftirfarandi skrefum:

1. **Jákvætt námsumhverfi skapað** - Skólaárið hefst á markvissri uppbyggingu jákvæðs, öruggs og styðjandi bekkjarsamfélags þar sem allir finna að þeir tilheyra.
2. **Vonir og draumar** - Nemendur velta fyrir sér því sem þeir vilja læra, upplifa og áorka á skólaárinu.
3. **Leiðin fundin saman** - Nemendur ræða hvaða samskipti, hegðun og vinnubrögð muni hjálpa þeim sjálfum og bekkjarfélögum þeirra að ná markmiðum sínum.
4. **Sameiginleg leiðarljós mótuð** - Hugmyndir nemenda og kennara eru flokkaðar undir þrjú meginþemu: virðingu fyrir sjálfum sér, virðingu fyrir öðrum og virðingu fyrir umhverfinu.
5. **Væntingarnar gerðar sýnilegar** - Sameiginlegar væntingar eru settar fram í kennslustofunni með orðalagi sem nemendur hafa sjálfir tekið þátt í að skapa.
6. **Væntingarnar lifa í daglegu starfi** - Kennarar og nemendur rifja væntingarnar reglulega upp og vinna saman að því að þær endurspeglist í daglegu lífi bekkjarins.

Þessar væntingar eru sýnilegur og virkur þáttur í skólastarfinu allt árið um kring. Skólareglur og viðmið um hegðun byggja á þessum sameiginlegu grunngildum, sem stuðla að jákvæðu, öruggu og árangursríku námsumhverfi fyrir nemendur, starfsfólk og fjölskyldur. Með því að leggja áherslu á virðingu, ábyrgð og samvinnu styrkjum við skólasamfélag þar sem öllum gefst tækifæri til að dafna og ná árangri.